

Námskrá

húmanískrar fermingarfræðslu

Undirbúningur fermingarbarna í
aðdraganda borgaralegrar fermingar

2024



**Námskrá húmanískrar
fermingarfræðslu
2024**

Ritstjórn upphaflegrar námskrár:
Eydís Blöndal og
Inga Straumland.

Endurskoðun 2024:
Anna Brynja Baldursdóttir,
Inga Auðbjörg K. Straumland,
Tinna Jóhannsdóttir og
Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

Ritstýring endurskoðunar:
Patricia Anna Þormar

Myndir: Haraldur Jónasson,
Unsplash.

Húmanísk fermingarfræðsla

Borgaraleg ferming er valkostur fyrir öll ungmenni sem vilja staldra við á tímamótum og fagna þeim með uppbyggilegu námskeiði og hátíðlegri athöfn. Ungmenni sem fermast borgaralega sækja fermingarfræðslu í aðdraganda athafnarinnar. Markmið fermingarfræðslu Siðmenntar er að rækta með markvissum hætti þá þekkingu og færni sem styrkir einstakling til að verða gagnrýnn og virkur þátttakandi í nútímasamfélagi. Siðmennt nýtir húmanísk sjónarhorn við mótun þessarar menntunar.

Markmið

- Að veita innsýn í húmanísk viðfangsefni og siðfræði.
- Að efla gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni hjá fermingarbörnum.
- Að styrkja sjálfsmynd fermingarbarna og færni í samskiptum.
- Að bjóða upp á valkost í fermingarfræðslu og fermingarathöfn sem er óháð trúarbrögðum og byggist á sammannlegum gildum.

Húmanismi í hnotskurn

Húmanismi er lýðræðisleg og siðræn lífsskoðun sem byggist á því að hver einstaklingur hafi rétt til að móta líf sitt og gefa því merkingu. Húmanismi stuðlar að því að byggja upp mannúðlegt samfélag á grundvelli siðferðiskerfis sem endurspeglar mannleg og náttúruleg gildi í anda rökhyggju og óháðrar athugunar á forsendum mannglegrar hæfni. Húmanismi er handan trúarbragða og beitir ekki yfirnáttúrulegum túlkunum á tilverunni.

- *Húmanismi í hnotskurn, Humanists International*

Kennsluhættir

Fermingarfræðslan krefst virkrar þátttöku fermingarbarna. Viðfangsefni hennar eru tekin fyrir með umræðum, klípusögum og æfingum. Hver hópur fær handleiðslu frá leiðbeinendum en hlutverk þeirra er að skapa aðstæður fyrir frjó og innihaldsrík samskipti og tryggja fermingarbörnunum öruggt rými til að ræða saman og hlusta hvert á annað. Leiðbeinendur fara í hæfnismat áður en þau eru ráðin og hafa fjölbreyttan bakgrunn, m.a. í uppeldis-, kennslu- og tólstundafræðum.

Meðan á námskeiðinu stendur vakna yfirleitt upp spurningar á borð við hver sé tilgangur lífsins, hvernig lífi sé best að lifa, hvað sé rétt og hvað sé rangt. Ólíkt mörgum trúarbrögðum gefur húanisminn engin svör við slíkum spurningum, heldur er það á færri hvers og eins okkar að finna okkar eigin svör. Á námskeiðinu er leitast eftir því að kenna fermingarbörnum að beita gagnrýnum aðferðum í sinni eigin leit að svörum.

Á hverju vori er boðið upp á fermingarfræðslu með mismunandi sniði eftir þörfum hvers og eins: vikuleg námskeið, helgarnámskeið og sérstök þema námskeið. Ef þörf krefur vegna aðstæðna (t.d. barn býr erlendis eða getur ekki sótt staðnámskeið af öðrum aðstæðum) er boðið upp á námskeið í fjarnámi. Hver leiðbeinandi hefur talsvert frjálrsræði við val á kennsluáðferðum og nánari efnistöðum, sem fara líka að töluverðu leyti eftir áhuga fermingarbarna. Þó er ávallt fylgt sömu grunnviðmiðunum sem koma fram í þessari námskrá.

Er fermingin opin öllum?

Fermingin er opin öllum ungmennum, óháð uppruna, kyni, kynhneigð, trú eða lífsskoðunum. Hvorki ungmennin né foreldrar þeirra þurfa að vera skráð í Siðmennt til að fermast hjá okkur. Aldursviðmið er 13–15 ára

Meginstoðir fræðslunnar

Fermingarfræðslan skiptist í fjóra meginþætti eða stoðir sem kallast stofninn, sjálfíð, samfélagið og samhengið. Þetta eru ein helstu viðfangsefni húmanískra fræða og hæfa best þeim þroska sem fólk tekur út á unglingsárunum. Innan ramma þessara meginstoða fá fermingarbornin tækifæri til að móta efnistökin eftir áhuga þeirra og styrkleikum. Þau eru hvött til að gera tilraunir og prófa sig áfram með nýja hluti. Virk þátttaka er því lykilatriði á þessum námskeiðum.



Stofninn

Samband okkar við grundvöll tilverunnar



Sjálfíð

Samband okkar við okkur sjálf



Samfélagið

Samband okkar á milli



Samhengið

Samband okkar náttúruna og umheiminn



STOFNINN

Samband okkar við grundvöll tilverunnar

Í fyrsta hluta námskeiðsins er farið yfir þær grundvallarspurningar sem snúa að tilvist okkar og tilgangi hennar, sem og hvernig við getum skapað okkur jákvætt og uppbyggilegt viðhorf til lífsins. Á þessum hluta námskeiðsins eru grunngildi húmanismans kynnt til leiks ásamt þeim verkfærum sem fermingarbornin munu nota á námskeiðinu til að skilja betur tilveru okkar, sjálf okkur og aðra. Þetta eru æfingar sem skerpa á gagnrýnni hugsun, virkri hlustun og samtalshæfni.

Í lok þessa hluta hefur fermingarbarnið...

... kynnt sér grunngildi húmanisma og tilgang borgaralegrar fermingar,
... gert sér grein fyrir nytsemi og mikilvægi gagnrýnnar hugsunar og samtals,
... fengið tækifæri til að æfa virka hlustun og tjá eigin skoðun,
... öðlast innsýn í siðferðilega ákvarðanatöku og æft sig í að setja sig í spor annarra.

Viðfangsefni

- Húmanismi og húmanísk gildi
- Gagnrýnin hugsun og virk hlustun
- Siðfræði og samkennd



SJÁLFIÐ

Samband okkar við okkur sjálf

Mikilvægasta samband okkar í þessu lífi er sambandið við sjálf okkur. Hér er markmiðið að efla það samband og stuðla að heilbrigðri og jákvæðri sjálfsmynd. Við skoðum hvað skiptir okkur máli og hvernig það mótar sjálfsmynd okkar, ásamt styrkleikum og veikleikum og fjölbreyttu hópunum sem við tilheyrum. Við ræðum líka um tilfinningar okkar og hvernig við getum lært þekkja þær og vinna úr þeim.

Viðfangsefni

- Gildismat
- Sjálfsmynd og sjálfsvirðing
- Tilfinningar

Í lok þessa hluta hefur fermingarbarnið...

... ígrundað hvað skiptir það helst máli og mótað hugmyndir um eigin sjálfsmynd og gildismat,

... kynnst verkfærum sem hjálpa því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd,

... fengið innsýn í fjölbreytileika tilfinninga og hvernig megi takast á við þær.



SAMFÉLAGIÐ

Samband okkar á milli

Út frá sjálfsmynd okkar er nærtækast að spyrja hvernig okkar persónulegu gildi birtast í samskiptum við annað fólk og hvernig við viljum haga samskiptum okkar á milli, ekki síst í hinum stafræna heimi. Við skoðum hvernig menning mótar siðferðis- og réttlætiskennd samfélagsins og um hlutverk forrættinda og valds.

Viðfangsefni

- Samskipti og tjáning
- Stafrænn heimur
- Menning og réttlæti

Í lok þessa hluta hefur fermingarbarnið...

... skoðað eigin venjur í samskiptum og hvernig samskipti hafa áhrif á okkur og aðra,

... velt upp álitaefnum í tengslum við samfélagsmiðla og snjallsímanotkun,

... séð hvernig siðferði samfélagsins breytist eftir á ríkjandi gildismati,

... lært um hlutverk valds og forrættinda í samfélaginu.



SAMHENGID

Samband okkar við náttúruna og umheiminn

Mannkynið sprettur úr náttúrunni og er háð náttúrunni. Í lokaþætti námskeiðsins er staða manneskjunnar í náttúrunni til umfjöllunar. Hver er ábyrgð okkar gagnvart náttúrunni, fólki í öðrum heimshlutum og komandi kynslóðum? Eigum við að horfa á heiminn út frá okkar forsendum og hagsmunum eða er hagsmuna okkar best gætt með því að horfa á okkur sem hluta af vistkerfum jarðar? Við ræðum einnig hvernig framtíð við viljum byggja og æfum að leita lausna með uppbyggilegri og skapandi samvinnu.

Í lok þessa hluta hefur fermingarbarnið...

... kynnst hugmyndum um sjálfbærni og ábyrgð gagnvart náttúrunni
... horft gagnrýnum augum á stöðu mannsins í heimsmynd sinni og framkomu gagnvart náttúrunni og dýrum,
... áttað sig á að allur heimurinn tengist saman og að samvinna er forsenda farsællar framtíðar,
... fengið handleiðslu í skapandi samvinnu og nýtt sér hana til að leysa vandamál.

Viðfangsefni

- Náttúruvernd
- Manneskjan og jörðin
- Réttlátur heimur



Fjórar meginstoðir húmanískrar fermingarfræðslu



Stofninn

Samband
okkar við
grundvöll
tilverunnar



Sjálfíð

Samband
okkar við
okkur sjálf



Samfélagið

Samband
okkar á
milli



Samhengið

Samband
okkar við
náttúruna og
umheiminn





Siõmennt